

fá skipið „Ellen Benzon“ fært frá hliðinni á „Abba“, er skipstjórinn vildi ekki verða við tilmælum hans um að flytja skipið og hann sá að hætta var á ferðum, en til þess hefði verið nægur tími, því eftir útdrættinum úr leiðarbók „Abba“ var það kl. 6 síðdegis er skipstjórnir töludust við, en skemdirnar á „Abba“ urðu ekki fyrri en kl. 12 um nóttina.

Sjóðómurinn fær því ekki sjöð, að hafnarstjóranum verði gefin sök á því, að „Ellen Benzon“ var eigi flutt frá hliðinni á „Abba“ í tæka tíð, og þá heldur eigi hafnarstjórninni á tjóninu, er hlaust af því. Verður því að álitu hans að sýkna stefndan af kröfum stefnandans í málinu, en málskostnaður þykir eftir öllum atvikum rjett að falli niður.

Mánudaginn 6. desember 1920.

Nr. 26/1920.

Rjettvísín

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Guðrúnu Jónsdóttur

(Guðm. Ólafsson),

sem er ákærð fyrir svik.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 15. sept. 1920: Hinar ákærðu, Friðsemd Ingibjörg Magnúsdóttir og Guðrún Jónsdóttir, sæti, hin fyrnefnda fangelsi við vatn og brauð í 5 daga, en hin síðarnefnda fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga. Hvor hinna ákærðu greiði sjerstaklega kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt og ákærð Guðrún auk þess 25 krónur í málaflutningslaun til hins skipaða talsmanns síns, Guðmundar Ólafssonar hæstarjettarmálaflutningsmanns. Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinar ákærðu, báðar fyrir aðra og önnur fyrir báðar. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Dómi þessum er áfrýjað til hæstarjettar að eins að því er snertir ákærðu Guðrúnu Jónsdóttur.

Samkvæmt ástæðum dómsins má eftir atvikum samþykkja hann.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda hjer fyrir rjettinum, 75 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum, að því leyti sem honum hefir verið áfrýjað, skal óraskað. Ákærða, Guðrún Jónsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málfutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Guðm. Ólafssonar, 75 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu rjettvísinnar gegn stúlkunum Friðsemd Ingibjörgu Magnúsdóttur, sem er heimilislaus, og Guðrúnu Jónsdóttur í Norðurlandinu hjer í bænun, hinni fyrnefndu fyrir þjófnað, en hinni síðarnefndu fyrir svik.

Það er sannað, með eigin játningu hinnar ákærðu Friðsemdar Ingibjargar, sem kemur heim við það, er á annan hátt er upplýst í málinu, að hún hafi kringum 20. f. m. tekið að ófrjálsu 3 20 dollaraseðla-ameríska úr veski skipstjórans á barkskipinu »Cis« frá Farsund í Noregi, sem lá hjer við hafnargarðinn.

Var ákærð á gangi niður við höfn með annari stúlkun, Sigríði Viktoríu Jóhannesdóttur, þetta kvöld. Bauð tjeður skipstjóri þeim þá út í skipið og niður í káetu og settist þar að drykkju með þeim, ásamt fleirum á skipinu. Fór skipstjórinn þar að sýna þeim myndir, er hann tók úr veski, er var í kistu í herbergisklefa innar af káetunni, og sá ákærða þá að í veskinu voru útlendir peningaseðlar. Síðar um daginn kom maður úr landi til að tala við skipstjórann; vildi hann þá ekki láta þann mann sjá

stúlkurnar og sagði þeim að fara inn í herbergi það, sem kistan með veskinu var í. Kveður ákærða kistuna hafa verið opna og veskið opið í handraðanum. Tók hún þá úr veskinu 3 útlenda sedla af fleirum, er þar voru, og hélt þá vera 20 króna sedla danska, en það voru amerískir 20 dollarasedlar. Ekki sá Sigríður, er var með ákærðu, er ákærða tók sedlana.

Daginn eftir fóru þær ákærð Friðsemd Ingibjörg og Sigríður inn í svo kallaðan „Nordurpól“ hér í bænum, þar sem samá-kærð, Guðrún Jónsdóttir, hefir greiðasölu, og þektust þær áður Ingibjörg og Guðrún. Pantaði Ingibjörg þar kaffi handa þeim Sigríði, og er Guðrún spurði hana hvort hún hefði nokkra peninga til að borga með, tók Ingibjörg upp einn 20 dollarasedilinn og sýndi Guðrúnu og sögðu þær Ingibjörg og Sigríður að það myndi vera danskur 20 króna sedill. Guðrún vissi að sedillinn var meira virði, en ekki benti hún stúlkunum á það, heldur tók sedilinn á 20 krónur.

Þær Ingibjörg og Sigríður halda því nú fram, og hefir Sigríður unnið eið að framburði sínum, að Guðrún hafi farið fram með 20 dollarasedilinn, sem hún fjekk, og komið inn aftur og spurt, hvort þær hefðu ekki fleiri slíka sedla; hafi Ingibjörg þá tekið upp hina tvo sedlana, en Guðrún þá falast eftir að skifta þeim og fengið þá. Hafi Guðrún því fengið alla þrjá sedlana og borgað 60 krónur fyrir þá alla.

Ákærð Guðrún hefir hins vegar neitað því statt og stöðugt, að hún hafi fengið nema einn 20 dollarasedilinn og borgað meira en 20 krónur; kveðst hún ekki einu sinni hafa vitað að þær stúlkurnar Ingibjörg og Sigríður væru með fleiri en einn slíkan sedil. Hún hefir þó kannast við að hún um þessar mundir hafi haft tvo ameríska 20 dollarasedla undir höndum og látið til tveggja kaupmanna hjer í bænum. Kveður hún annan sedilinn hafa verið þann, er hún fjekk hjá Ingibjörgu, en fyrir hinum sedlinum gerir hún þá grein, að sama daginn og þær stúlkurnar komu til hennar með sedil þann, er hún kannast við að hafa fengið frá þeim, hafi 2 ungir Íslendingar, er hún ekki þekti, komið inn til sín og boðið sig að skifta amerískum 20 dollara-sedli og boðið sjer 10 krónur til þess. Kveðst hún hafa farið út með sedilinn og skift honum og skilið hina 2 ókunnu menn eina eftir í húsinu á meðan. Hafi þeir síðan borgað sjer 10 krónur fyrir skiftin og farið, án þess að hún viti til að aðrir hafi sjeð þá en hún.

Þessi framburður ákærðu Guðrúnar er nú næsta ótrúlegur og

þar við bætist, að framburður hennar bæði fyrir lögreglufulltrúanum, sem yfirheyrði hana fyrst, og síðar fyrir rjettinum, hefir verið mjög á reiki. Rjetturinn verður því að telja næga sönnun komna fram í málinu fyrir því, að ákærð Guðrún hafi fengið alla þrjá hina stolnu 20 dollaraseðla og borgað fyrir þá alla 60 krónur, þar sem er eiðfestur framburður Sigríðar, framburður ákærðu Ingibjargar og svo hitt, að upplýst er í málinu og viðurkennt af ákærðu Guðrúnu, að hún um þessar mundir hafi haft með höndum tvo slíka seðla, án þess að geta gjört sæmílega grein fyrir því, hvaðan hún fjekk annan þeirra.

Ákærð Guðrún hefir kannast við það, að hún hafi vitað, að 20 dollaraseðillinn, sem hún fjekk, hafi verið miklu meira virði en 20 krónur og að henni var það ljóst, að stúlkurnar, sem með hann voru, álitu hann ekki meira virði.

Báðar hinar ákærðu eru komnar yfir lögdalur sakamanna og hafa ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt hegningarlagabrot.

Ákærð Guðrún sat í gæsluvarðhaldi frá 26. f. m. til 6. þ. m. Ákærð Ingibjörg var sett í gæsluvarðhald 7. þ. m. og situr þar enn.

Verknaður Friðsemdar Ingibjargar heyrir að álitu rjettarins undir 230 gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing sú, er hún hefir til unnið, hæfilega ákveðin vatn og braud í 5 daga.

Verknaður ákærðu Guðrúnar heyrir að álitu rjettarins undir 259. gr. hegningarlaganna og þykir refsing sú, er hún hefir til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangavíðurværi í 12 daga.

Ákærð Friðsemd Ingibjörg greiði sjerstaklega kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt, og ákærð Guðrún sjerstaklega kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt og málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer fyrir rjettinum, Guðmundar hæstarjettarmálaflutningsmanns Ólafssonar, er þykja hæfilega ákveðin 25 krónur.

Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiddandi kostnað greiði báðar hinar ákærðu in solidum.

Á rekstri máls þessa hefir enginn ónaudsynlegur dráttur átt sjer stað.